

## Reginn hf.

### Aðalfundur 25. apríl 2016

**Endanleg dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Regins hf. sem haldinn verður í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, mánudaginn 25. apríl 2016 klukkan 16:00.**

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Önnur mál.

## Reginn hf.

### Tillögur stjórnar Regins hf.

#### 1. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2015 verði samþykktur.

#### 2. Arður

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður á árinu 2016, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

#### 3. Starfskjarastefna

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

#### 4. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum.

Í dag er í gildi heimild til handa stjórn um kaup á eigin bréfum, sbr. ákvörðun hluthafafundar 21. apríl 2015 sem gildir í 18 mánuði, þ.e. til 21. október 2016.

Stjórn Regins hf. leggur til að ekki verði lögð fram tillaga um endurnýjun viðaukans og því mun núgildandi heimild stjórnar falla niður í október 2016.

#### 5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Regins hf. leggur ekki til við aðalfund breytingar á samþykktum félagsins.

#### 6. Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út **sjö dögum fyrir aðalfund** eða mánudaginn 18. apríl nk. kl. 16:00. Liggja endanleg framboð því ekki enn fyrir.

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. í Smáralind, 3. hæð, Hagasmára 1, Kópavogi.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

#### **7. Kosning endurskoðenda.**

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, að KPMG hf. verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs. Er það í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndar Regins hf.

#### **8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir kjörtímabilið 2016.**

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir hvern mánuð árið 2016 verði þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði kr. 275.000 mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Varamönnum skulu greiddar kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 275.000 fyrir hvern mánuð. Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal vera kr. 55.000 fyrir hvern setinn fund.

#### **9. Önnur mál löglega upp borin.**

#### **Aðrar upplýsingar:**

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 3. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestar](http://www.reginn.is/fjarfestar).

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi.

Kópavogur, 11. apríl 2016

Stjórn Regins hf.